

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
101 REYKJAVÍK

Reykjavík, 26.04.2019
Tilvísun vor: M-2019-097/ 00.11

Efni: **Frumvarp á 149. þingi – loftslagslög**

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Landsvirkjunar um frumvarp til laga um breytingu á lögum um loftslagsmál, nr. 70/2012, með síðari breytingum (styrking á stjórnslu og umgjörð), mál 758.

Landsvirkjun þakkar tækifæri til að skila inn umsögn um frumvarpið. Loftslagsráð hefur þegar verið skipað og þörf á að setja í lög ákvæði um verkefni þess og skipan. Sömuleiðis er mikilvægt að styrkja ákvæði laganna varðandi aðgerðaáætlun, loftslagsstefnu ríkisins, aðlögunaráætlun o.fl. til að tryggja að skuldbindingar sem Ísland hefur undirgengist á grundvelli Parísarsamningsins náist og það með sem minnstum kostnaði. Sömuleiðis þarf að lögfesta ítarlegri ákvæði um loftslagssjóð. Landsvirkjun styður meginþætti frumvarpsins en vakin er athygli á nokkrum atriðum hér á eftir sem skoða mætti við meðferð málsins.

Í 1. gr. frumvarpsins er lögð til breyting á 3. gr. laganna þar sem skilgreind eru ýmis orð og orðasambönd. Tekið er undir að bæta megi við skilgreiningu á orðinu *kolefnisjöfnun* en jafnframt er mikilvægt að endurskoða skilgreiningu á fleiri orðum og orðasamböndum, einkum þær sem tengjast kolefnisjöfnun. Þetta á t.d. við tl. 1. *Binding kolefnis úr andrúmslofti*. Sú skilgreining er takmörkuð við *ljóstillifun, svo sem skógrækt og landgræðslu*. Mikilvægt er að undir kolefnisjöfnun falli einnig ferli sem byggjast á því að fanga kolefni úr lofti eða útblæstri og nýta þau til að draga úr losun þeirra út í andrúmsloft, t.d. með því að nýta kolefni í útblæstri til að framleiða eldsneyti. Einnig er bent á tl. 8. *Geymsla koldíoxíðs í jarðlögum*. Skýrt þarf að vera að hún teljist til kolefnisjöfnunar, sérstaklega í tilvikum þar sem annar lögaðili tekur að sér geymsluna. Einnig er hvatt til að bætt verði inn skilgreiningu á kolefnisverði (*e. Carbon pricing*). Á alþjóðavettvangi er mikil áhersla lögð á að ríki, fyrirtæki o.fl. aðilar ákveði kolefnisverð sem þau beita við rekstur sinn. Landsvirkjun ákvað á síðasta ári að nýta innra kolefnisverð við ákvarðanir varðandi fjárfestingar og rekstur fyrirtækisins.

Í umsögn sem Landsvirkjun sendi í samráðsgátt stjórnvalda, sjá S-138/2018, á fyrstu stigum málsins var lögð áhersla á að hlutverk loftslagsráðs yrði skýrt og tryggt að þau sem í því eiga sæti á hverjum tíma hefðu í senn yfirgripsmikla þekkingu á málefnum, leiðum til að sporna gegn loftslagsáhrifum og möguleikum einstaklinga og atvinnulífs til að draga úr áhrifum sínum. Því var hvatt til að í lögnum yrði kveðið á um að fulltrúar atvinnulífs, þ.m.t. orkufyrirtækjanna eða Samorku, ættu sæti í ráðinu og jafnframt að þegar fjallað yrði um einstakar atvinnugreinar yrði tryggt samráð við fyrirtæki í viðkomandi grein. Landsvirkjun fagnar því að gert er ráð fyrir að fulltrúar atvinnulífs eigi sæti í ráðinu, en ítrekar að mikilvægt er að þar eigi einnig sæti fulltrúi orkufyrirtækja, sérstaklega í ljósi þeirrar miklu áherslu sem þarf að vera í aðgerðaáætlun á orkuskipti í samgöngum og sjávarútvegi.



Í a. lið 3. gr. frumvarpsins (5. gr. b.) eru talin upp verkefni ráðsins í tölulíðum 1. til 6. Til að styrkja meginhlutverk ráðsins leggur Landsvirkjun til að bætt verði við tölulíð. Hann gæti t.d. hljóðað svo:

Veita stjórnvöldum aðhald varðandi framfylgd skuldbindinga sem Ísland hefur gengist undir á alþjóðavettvangi og varðandi framfylgd stefnu stjórnvalda, laga, reglna og aðgerðaáætlana sem og ráðstöfun fjár til loftslagsmála, þ.m.t. úr loftslagssjóði.

Í b. lið 2. gr. frumvarpsins (5. gr. a.) er kveðið á um að vinna skuli áætlun um aðlögun íslensks samfélags að loftslagsbreytingum. Landsvirkjun fagnar þessu ákvæði. Fyrirtækið hefur frá því á 10. áratug síðustu aldar tekið þátt í samstarfi innlendra og erlendra aðila við að meta áhrif loftslagsbreytinga á vatnafar og hafa niðurstöður þeirra þegar haft umtalsverð áhrif á rekstur vatnsaflsvirkjana, m.a. ákvörðun um Búrfellsvirkjun II. Landsvirkjun er reiðubúin að miðla reynslu sinni og þekkingu við gerð aðlögunaráætlunar.

Landsvirkjun styður ákvæði um loftslagsstefnu ríkisins í b. lið 3. gr. (5. gr. c) frumvarpsins. Í 3. mgr., er gert ráð fyrir að Umhverfisstofnun hafi ákveðið eftirlitshlutverk í þessu sambandi. Landsvirkjun hefur við vinnu sína og stefnumörkun á sviði loftslagsmála átt gott samstarf við starfsfólk stofnunarinnar og fagnar því að hún fái ráðgjafarhlutverk í þessu sambandi en leggur áherslu á að fyrirtæki í eigu ríkisins sem eru í samkeppnisrekstri hafi fullt forræði yfir gerð stefnu sinnar og aðgerðaáætlunar og að ekki þurfi að leita samþykkis stofnunarinnar í því efni. Mikilvægt er að frumkvæði og ábyrgð sé skýr og að á hverjum tíma verði sveigjanleiki til að nýta þær leiðir sem skila mestum árangri með lágmarks kostnaði. Þessu til rökstuðnings má nefna að þegar á árinu 2007 var ákveðið að stefna að kolefnisjöfnun í starfsemi Landsvirkjunar og árið 2015 var ákveðið að kolefnishlutleysi skuli náð eigi síðar en árið 2030 og hefur verið unnið að margvíslegum verkefnum til að það megi takast. Fyrirtækið hefur, einkum frá árinu 2003, lagt ríka áherslu á að þekkja losun frá starfsemi og áhrif verkefna sem farið hefur verið í til að binda kolefni. Í því efni hefur fyrirtækið átt gott samstarf bæði við vísindasamfélagið og einnig stofnanir ríkisins, svo sem háskólana, Landgræðsluna og Skógræktina. Landsvirkjun var í hópi rúmlega 2.000 fyrirtækja sem undirrituðu sáttmálann *Caring for Climate* í aðdraganda aðildarríkjaþings loftslagssamningsins 2015, samhliða skráði fyrirtækið markmið sín hjá NAZCA (*Non-State Actor Zone for Climate Action*). Þá hefur fyrirtækið riðið á vaðið á Íslandi annars vegar með því að gefa út græn skuldabréf og hins vegar með því að ákveða að nota innra kolefnisverð við ákvarðanir um fjárfestingar og rekstur. Með þeirri ákvörðun mun losun gróðurhúsalofttegunda hafa bein áhrif á starfsemi fyrirtækisins í framtíðinni. Landsvirkjun hefur þannig að eigin frumkvæði unnið markvisst að því að draga úr kolefnisspori starfseminnar í ljósi reynslu og þekkingar á hverjum tíma.

Í c. lið 3. gr. frumvarpsins (5. gr. d.) er kveðið á um að vinna skuli vísindalega skýrslu um áhrif loftslagsbreytinga á náttúrufar og samfélag. Landsvirkjun telur afar brýnt að tryggja góða og faglega sýn á áhrif loftslagsbreytinga fyrir Ísland. Landsvirkjun hefur eins og áður segir tekið þátt í samstarfi innlendra og erlendra aðila og unnið að margvíslegum verkefnum sem miða meðal annars að því að áætla áhrif loftslagsbreytinga á starfsemi fyrirtækisins. Niðurstöðurnar hafa jafnframt verið nýttar á alþjóðavettvangi, m.a. af Alþjóðabankanum. Landsvirkjun telur að skýrslu um loftslagsbreytingar þurfi að vinna í nánú samstarfi við fyrirtækið og aðra aðila sem sinna grunnþörfum samfélagsins, svo sem orkufyrirtæki, veitufyrirtæki og Vegagerðina. Fyrirtækið er reiðubúin til að deila þeirri reynslu og þekkingu sem aflað hefur verið.

Í 5. gr. er fjallað um loftslagssjóð. Verkefni sjóðsins og sá stuðningur við rannsóknir, nýsköpun o.fl. sem sjóðnum er ætlað að veita munu ef vel tekst til skila miklum árangri við að draga úr lofslagsáhrifum. Hlutverk sjóðsins er breitt og tekur bæði til nýsköpunar og fræðslu. Landsvirkjun hvetur nefndina til að ræða ítarlega lagaákvæði um sjóðinn. Mikilvægt er að sjóðnum verði sett





skýr stefna um hvers konar verkefni teljist styrkhæf, hvaða lágmarkskröfur eru gerðar til aðila sem hljóta styrk, hvaða viðmiðum er beitt þegar verkefni eru metin o.fl. Á t.d. að gera kröfu til að nýsköpunarverkefni sem ætla má að geti skilað árangri innan 5 til 10 ára hafi forgang? Eiga verkefni sem líkleg eru til að skila meiri árangri miðað við kostnað að hafa forgang? Svo mætti áfram telja. Jafnframt er bent á að til að nýta það fé sem sjóðurinn fær til ráðstöfunar er mikilvægt að ítrustu hagkvæmni sé gætt við rekstur sjóðsins. Þannig þarf að lágmarka kostnað við afgreiðslu styrkja, eftirlit sjóðsins með ráðstöfun styrkja o.fl. Landsvirkjun bendir á að stuðla mætti að þessu með samstarfi við Rannsóknamiðstöð Íslands.

Að lokun vill Landsvirkjun ítreka stuðning við meginefni frumvarpsins og er fyrirtækið að sjálfsögðu reiðubúið til að mæta á fund nefndarinnar og veita upplýsingar verði eftir því leitað.

Virðingarfyllst,

Ragna Árnadóttir
aðstoðarforstjóri

